

Stúdentaráðsfundur			
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
11.05.21	17:00	L-101 og Teams	1
Fundarboðandi	Fundarritari		Dags. rituð
Isabel Alejandra Diaz	Hjördís Sveinsdóttir		11.05.21

Fundaraðilar mættir

Félagsvísindasvið:

Rebekka Karlsdóttir fyrir Röskvu
 Erna Lea Bergsteinsdóttir fyrir Röskvu
 Stefán Kári Ottósson fyrir Röskvu
 Ellen Geirsdóttir Haakansson fyrir Vöku
 Kjartan Ragnarsson fyrir Röskvu

Fráfarandi SHÍ liðar:

Arnaldur Starri Stefánsson fyrir Röskvu
 Lenya Rún Taha Karim fyrir Vöku
 Erna Lea Bergsteinsdóttir fyrir Vífil Harðarson fyrir Vöku

Heilbrigðisvísindasvið:

Ingunn Rós Kristjánsdóttir fyrir Röskvu
 Margrét Jóhannesdóttir fyrir Röskvu
 Kristján Guðmund sson fyrir Röskvu

Fráfarandi SHÍ liðar:

Brynhildur K Ásgeirsdóttir fyrir Röskvu
 Ingi Pétursson fyrir Vöku
 Salóme Sirapat Friðriksdóttir fyrir Röskvu

Hugvísindasvið:

Jóna Gréta Hilmarsdóttir fyrir Röskvu
 Anna María Björnsdóttir fyrir Röskvu
 Sigurður Karl Pétursson fyrir Röskvu

Fráfarandi SHÍ liðar:

Erlingur Sigvaldason fyrir Röskvu

Menntavísindasvið:

Rósa Halldórsdóttir fyrir Röskvu

*Rannveig Klara Guðmundsdóttir fyrir Röskvu
Erlingur Sigvaldason fyrir Röskvu*

Fráfarandi SHÍ liðar:

*Madgalena Katrín Sveinsdóttir fyrir Röskvu
Sóley Arna Friðriksdóttir fyrir Röskvu*

Verkfræði- og náttúruvísindasvið:

*Ingvar Þóroddson fyrir Röskvu
Inga Huld Ármann fyrir Röskvu
Guðrún Ísabell fyrir Helenu Gylfadóttur fyrir Röskvu*

Fráfarandi SHÍ liðar:

*Herdís Hanna Yngvadóttir fyrir Röskvu
Ástráður Stefánsson fyrir Röskvu
Urður Einarsdóttir fyrir Röskvu*

Aðrir (án atkvæðisréttar):

*Isabel Alejandra Diaz, forseti SHÍ
Guðný Ljósbrá Hreinsdóttir, fráfarandi varaforseti SHÍ
Sara Þöll Finnbogadóttir, fráfarandi lánasjóðsfulltrúi SHÍ og verðandi varaforseti SHÍ
Emily Reise, fráfarandi alþjóðafulltrúi SHÍ
Hjördís Sveinsdóttir, framkvæmdastýra SHÍ
Jessý Rún Jónsdóttir, verðandi hagsmunafulltrúi SHÍ
Gréta Dögg Þórisdóttir
Lilja
Farah Mona Ovcina
Iðunn Andrésdóttir*

Fundarmenn fjarverandi og án varamanns:

Félagsvísindasvið:

Heilbrigðisvísindasvið:

Hugvísindasvið:

Menntavísindasvið:

Verkfræði- og náttúruvísindasvið:

Fundardagskrá

Fundur Stúdentaráðs 11. maí 2021 í L-101 og á Teams kl. 17:00

Agenda Student Council Meeting on May 11th 2021 in L-101 and on Teams at 17:00

1. Forseti Stúdentaráðs setur fund 17:00-17:05
The President of the Student Council convenes the meeting
2. Fundargerð Stúdentaráðsfundar 8. apríl borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:05-17:10
Vote on minutes from the Student Council meeting on April 8th
3. Ársreikningur Stúdentaráðs 2019-2020 (atkvæðagreiðsla) 17:10-17:25
Annual financial statement of the Student Council 2019-2020
4. Ársskýrsla Stúdentaráðs 2020-2021 17:25-17:40
Annual report of the Student Council 2020-2021
5. **Nýtt Stúdentaráð 2021-2022 tekur við 17:40-17:45**
The new Student Council 2020-2021 takes over
6. Fundargerð kjörfundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:45-17:50
Vote on minutes from the Election Meeting
7. Praktísk atriði til nýrra Stúdentaráðsliða 17:50-18:10
Practical information for new Student Council members
8. Fundarhlé 18:10-18:20
Intermission
9. Tímalínur stórra mála 18:20-19:00
Timelines of major issues
10. Almennar fyrirspurnir nýrra Stúdentaráðsliða 19:00-19:10
General inquiries by new Student Council members
11. Önnur mál 19:10 - 19:20
Other issues
12. Fundi slitið 19:20
Meeting ends

1. Forseti Stúdentaráðs setur fund
The President of the Student Council convenes the meeting
 - a. Fundur settur kl. 17:14
2. Fundargerð Stúdentaráðsfundar 8. apríl borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla)
Vote on minutes from the Student Council meeting on April 8th
 - a. Fundargerð samþykkt einróma.
3. Ársreikningur Stúdentaráðs 2019-2020 (atkvæðagreiðsla)
Annual financial statement of the Student Council 2019-2020
 - a. Undirrituð kynnir ársreikning 2019-2020.
 - b. Ársreikningur samþykktur einróma.
4. Ársskýrsla Stúdentaráðs 2020-2021
Annual report of the Student Council 2020-2021
 - a. Isabel kynnir ársskýrslu Stúdentaráðs 2020-2021. Forsíðan er teiknuð af Söru Þöll Finnbogadóttur.
 - b. Lenya Rún ber upp eftirfarandi bókun:

- BÓKUN -

Fyrst og fremst vilja undirrituð þakka fyrir samstarfið á liðnu starfsári. Að vera í svona yfirgnæfandi minnihluta tekur vissulega á en heppnin var með okkur er kom að samstarfsfólki í stúdentaráði.

Í kjölfar niðurstöðu kosninganna voru væntanlega vonbrigði sem reið yfir stúdentaráðsliða Vöku og fylkinguna í heild sinni, en lýðræðið og kosningakerfið virkar svona og óskum við öllum sem taka við góðs gengis og vonandi verður jafn góð samvinna milli ykkar og við upplifðum á liðnu starfsári.

Stúdentaráðsliðar Vöku hafa þó nokkra punkta til að nefna í lok starfsársins sem verðandi stúdentaráðsliðar hefja vonandi skoðun á og vinni í. Niðurstöður kosninganna í mars 2021 voru ekki einungis vonbrigði heldur kom í ljós að mögulega þurfi að endurskoða kerfið í heild sinni. Kosningaþátttaka háskólanema var sögulega lág og þarf vissulega að taka á því. Niðurstöður kosninga geta varla verið marktækar þegar einungis 3900 manns af 15.000 kjósa. Nokkrir kvillar komu upp í miðjum kosningum sem vert er að benda á en m.a. þeirra var að Uglan lá niðri í 10-15 mínútur á seinni kosningadegi sem leiddi til þess að hópur fólks greiddi ekki atkvæði sökum þess og einungis fengu hópur af fólki þann valmöguleika á að kjósa inn á Canvas í stað Uglu þegar annar hópur fólks gat aðeins kosið á Uglu.

Viljum við að það verði skoðað hvort að hægt sé að breyta kosningakerfinu þannig að það stuðli að því að engin fylking sé í svona miklum minnihluta þar sem það vantar fjölbreyttar skoðanir innan batterís sem talar fyrir hönd 15.000 stúdenta. Það ætti að skoða kosningakerfið með tilliti til dræmrar þátttöku og möguleika á að raða,

Það ætti að skoða hvort að það ættu að vera marktektarmörk í því skyni að hafa x% þátttöku í kosningum til að hægt verði að taka mark á niðurstöðu kosninganna, einnig ætti að skoða hvort það sé hægt að færa kosningarnar alfarið á Canvas þar sem fáir nota Uglu dagsdaglega núorðið og síðast en ekki síst ætti að vera möguleiki á að lengja kosningarnar um 1 dag ef tölur benda til þess að kosningaþátttaka yrði jafn lág og hún var í síðustu kosningum.

Markmið þess að færa kosningarnar frá febrúar í mars árið 2020 var að auka þátttöku á menntavísindasviði, það hefur sýnt sig að kosningaþátttaka á því sviði er sögulega lág og hefur farið töluvert minnkandi, sem og á öðrum sviðum í kjölfar nýs tíma kosninga. Þó verður að sjálfsögðu tekið tillit til heimsfaraldursins sem er að ríða yfir. Vert er einnig að nefna að það munaði 1.5 atkvæði fyrir Vöku til að fá annan mann inn á menntavísindasviði, sem er vissulega sárt. Það hjálpar engum að vera í svona miklum minnihluta í stúdentaráði, þó svo að þetta séu sögulegar niðurstöður fyrir meirihlutann. Við samgleðjumst ykkur með sigurinn en viljum einnig stuðla að því að raddir og áherslur mismunandi stúdenta heyrist og ekki er það að hjálpa að það er svona mikill yfirgnæfandi meirihluti eins fylkingar inn á stúdentaráði. Við höfum að sjálfsögðu fulla trú á að verðandi Stúdentaráðsliðar slái í gegn og standi sig eins og hetjur en viljum einnig hvetja fólk til þess að yfirgnæfa ekki þessa einu rödd sem Vaka hefur inni á þessum mikilvæga vettvangi.

Síðast en ekki síst viljum við einnig þakka skrifstofunni fyrir góð vinnubrögð og góð samskipti á liðnu starfsári. Þó höfum við eina ábendingu er kemur að óhlutdrægni skrifstofunnar í tíð kosninga. Okkur var lofað í byrjun starfsársins í fyrra að gætt verði óhlutdrægnis er kom að störfum stúdentaráðs og opinbers stuðnings meirihlutans, en þegar kosningar hefjast virðast þau loforð gleymast. Skiljanlega eru þetta kjörnir fulltrúar meirihlutans og faglega ráðnir inn einstaklingar en ekki má gleyma að þau starfa í umboði stúdentaráðs, sem minnihluta fylkingin er einnig hluti af. Skrifstofan hefur staðið sig með þryði og er til fyrirmyndar, og þá sérstaklega á erfiðum tímum eins og þessum, sem og samstarfið við minnihlutann í gegnum starfsárið. Þetta er ekki kvörtun heldur er þetta einungis ábending þar sem að nokkrir aðilar á skrifstofunni voru kjörnir aftur í embætti á komandi starfsári og erum við einungis að vona að skrifstofan taki þessa ábendingu til greina á komandi starfsári.

Til að ljúka þessu þá viljum við, undirrituð, þakka fyrir okkur í Stúdentaráði og þakka enn og aftur fyrir samstarfið. Það var mikil ánægja að vinna með stúdentaráðsliðum Röskvu og skrifstofu stúdentaráðs og teljum við okkur heppin að hafa fengið að starfa með svona öflugum fulltrúum á svona krefjandi tímum.

Undirrituð eru,
Hólmfríður María Böðvarsdóttir Howard
Ingi Pétursson
Ingveldur Anna Sigurðardóttir
Lenya Rún Taha Karim
Magnús Orri Magnússon
Sigríður Ása

Sóley Arna Friðriksdóttir
Tinna Alicia Kemp

- c. Isabel bregst við bókuninni. Hún vill árétta það fyrri sitt leyti að það hefur verið ótrúlega gaman og göfugt að vinna með ykkur öllum og ég tel að það samstarf hafi gengið vel. Hún gæti ekki verið hlutlaus en myndi gæta jafnræðis, og hefur gert það með góðu upplýsingaflæði. Hún er fulltrúi Röskvu í Háskólaráði og er sömuleiðis pólitísk kjörin. Telur sig samt hafa gætt jafnræðis. Hennar dyr standa ávallt opnar.

5. Nýtt Stúdentaráð 2021-2022 tekur við

The new Student Council 2020-2021 takes over

- a. Nýtt Stúdentaráð tekur við kl. 17:48.

Lenya Rún Taha Karim yfirgefur fundinn kl. 17:51

Brynhildur K Ásgeirsdóttir yfirgefur fundinn kl. 17:52

Ástráður Stefánsson yfirgefur fundinn kl. 17:54

6. Fundargerð kjörfundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla)

Vote on minutes from the Election Meeting

- a. Fundargerð kjörfundar samþykkt einróma.

7. Praktísk atriði til nýrra Stúdentaráðsliða

Practical information for new Student Council members

- a. Isabel fer yfir praktísk atriði. Í fundargögnum má finna skjal sem geymir praktísk atriði sem eru mikilvæg fyrir nýja Stúdentaráðsliða að kynna sér.
- b. Engar spurningar.

Erlingur Sigvaldason yfirgefur fundinn kl. 17:58

Arnaldur Starri Stefánsson yfirgefur fundinn kl. 18:27

Magdalena Katrín Sveinsdóttir yfirgefur fundinn kl. 18:27

Emily Reise yfirgefur fundinn kl. 18:27

Sara Þöll Finnbogadóttir yfirgefur fundinn kl. 18:27

8. Fundarhlé

Intermission

- a. Fundarhlé 18:26-18:36

9. Tímalínur stórra mála

Timelines of major issues

- a. Atvinnuleysisbótakrafa. Aðdragandinn er kórónuveirufaraldurinn. Stúdentaráð sendi út könnun til að skoða stöðu stúdenta, aðallega varðandi líðan og námið og ákvörðun um skref SHÍ komu í framhaldinu. Það er ekkert úrræði fyrir stúdenta í efnahagsþökkum stjórnvalda. Atvinnuleysisbótakrafan snerist fyrst um sumarið 2020. Það var ekki mikill vilji til að búa til sérstök úrræði fyrir stúdenta og engin úrræði sem ná yfir alla stúdenta. Sumarstörfin grípa ekki alla, en atvinnuleysisbótakrafan gæti gripið alla. Stúdentar áttu rétt á atvinnuleysisbótum til 2010. Námslánakerfið er það kerfi sem á að grípa stúdenta. Stúdentar mega ekki vera í meira en 12 einingum til að eiga rétt á atvinnuleysisbótum en verða að standast 22 einingar til að eiga kost á námslánnum, þannig stúdentar geta lent á milli kerfa. Það hafa verið gerðar 7 kannanir um stöðu stúdenta, með þeirri sem er í gangi núna. Við höfum einnig stuðst við EUROSTUDENT kannanirnar. Það er engin upplýsingaöflun af hálfu stjórnvalda, og því vandasamt fyrir okkur að kortleggja stöðuna. Fjórða samstarfskönnunin var framkvæmd með óháðum aðila, þ.e. Maskínu og er því kölluð Maskínu könnunin. Við áttum að fá fullan aðgang en fengum hann ekki. Fengum skýrslu frá Maskínu til baka sem sýndi 16,2% atvinnuleysi, en ráðuneytið vildi mínusa af þessum 16,2% þau sem væru að fara í sumarnám og þau sem ætluðu ekki að vinna. Þau vildu meina að atvinnuleysið væri aðeins í kringum 9%. Stúdentaráð kærði til úrskurðunarnefndar um upplýsingamál vegna þess að gögn úr Maskínu könnuninni voru ekki birt þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir Stúdentaráðs til ráðuneytisins. 25. janúar fáum við úrskurðinn frá nefndinni, þar sem kærurni var vísað frá. Forseti sat í samhæfingarhóp stjórnvalda, í undirhópi um framfærslu, skörun milli stoðkerfa og fjármögnun úrræða. Um sumarstörf og sumarnám 2020. Við höfum talað fyrir því að ef þetta ætti að vera gert aftur þyrfti útfærsla og framkvæmd að vera miklu betri. Slaka á hæfniskröfum og auglýsa mun fyrr, en við sjáum það núna að það er bara byrjað að auglýsa 11. maí. Líka að þetta sé til 3 mánaða en ekki 2, eins og í fyrra. Í ár fækkar störfunum og ráðningartímabilið lengt í 2,5 mánuð. Þyrftu að fækka störfum ef þetta ættu að vera 3 mánuði, því það skortir fjármagn. Sumarnámið. Það þóttist takast ótrúlega vel, og eiginlega betur en búist var við. Atvinnuleysisbótakrafan var fyrst bara fyrir sumarið en það var ákveðið af fráfaraði Stúdentaráði að hún yrði ekki einskorðuð við faraldurinn.

Ingvar Þóroddsson yfirgefur fundinn kl. 18:54

Ellen Geirsdóttir Haakansson yfirgefur fundinn kl. 18:55

- b. Menntasjóður námsmanna. Vífill tekur sæti í stjórn MSNM.
Grunnframfærslan ekki hækkuð með nýjum úthlutunarreglum. Næstu skref er að fá svör af hverju og hvernig þetta var ákveðið.
- c. Skrásetningargjöld. Forsagan er að í febrúar í fyrra felur Háskólaráð rektor það að taka það upp við aðra rektora opinberra háskóla og mennta- og menningarmálaráðherra að hækka gjaldið úr 75.000 í 104.000 kr. og svo átti að vera önnur hækkun 2021, sem átti að vera úr 104.000 í 107.000 krónur. Fulltrúar stúdenta í Háskólaráði greiddu atkvæði á móti því en þetta var engu að síður samþykkt. Þá fór Stúdentaráð af stað með herferð með samanburði við Norðurlöndunum, þar sem kom í ljós að við erum að borga miklu meira hér. Búið að taka þetta tvisvar fyrir í Háskólaráði. Við erum að reyna að finna leiðir til að halda málinu gangandi.

Guðrún Ísabella yfirgefur fundinn kl. 19:09.

- d. Engar spurningar.
10. Almennar fyrirspurnir nýrra Stúdentaráðsliða
General inquiries by new Student Council members
- a. Engar fyrirspurnir bárust.
11. Önnur mál
Other issues
- a. Háskólaþing. Þið sem eruð fulltrúar stúdenta á Háskólaþingi eigið að hafa fengið póst þar sem þið eigið að staðfesta mætingu. Isabel mun gera spjall til að miðla upplýsingum.
 - b. Stefnumótunarferð. Munum kjósa um dagsetningu, kemur undir lok þessarar viku eða byrjun næstu. Umræða um hvort stefnumótunarferðin sé úti á landi eða í bænum.
12. Fundi slitið
Meeting ends
- a. Fundi slitið kl. 19:22